

**Ed. 391. Frumvarp til laga [134. mál]**

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

**1. gr.**

4. gr. laganna orðist svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram fjórða hvert ár. Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem fullir  $\frac{3}{4}$  hlutar íbúanna eru búsettir í kaптúni, fari fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag júnímánaðar.

**2. gr.**

11. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnir annast um, að kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga séu samdar í marzmánuði á því ári, sem kosning fer fram, og miðist þær við lögheimili manna hinn 1. desember næst á undan. Kjörskrárnar gilda frá 17. maí það ár, sem þær eru samdar, til 16. maí næsta ár á eftir.

Þegar kosningar fara fram samkvæmt 5. gr., ákveður ráðherra, hvenær kjörskrár skuli samdar, ef kjörskrár, samdar samkvæmt 1. mgr., eru úr gildi fallnar.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958.